

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 6-8 150
Reykjavík

Fjallabyggð 26. október 2023
2301007 SI

Efni: umsögn um þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028

Þingskjal 319 – mál nr. 315

Bæjarráð Fjallabyggðar er sammála þeirri framtíðarsýn og þeim háleitu markmiðum sem birtast í þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2024-2038 m.a. um að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu sem og að samgöngur stuðli að góðum búsetuúrræðum um land allt og jafni aðstöðumun fólks ásamt því að efla vinnu-, þjónustu-, og skólasóknarsvæði og stuðli að búsetufrelsi.

Vegna landfræðilegrar legu Fjallabyggðar fögnum við sérstaklega áherslum áætlunarinnar á jarðgangagerð og að mótuð verði áætlun um uppbyggingu og fjármögnun jarðganga. Á Tröllaskaga eru jarðgöng eina leiðin til að tryggja nauðsynlegar og öruggar heilsársvegasamgöngur milli byggða. Tvenn ný jarðgöng á Tröllaskaga hefðu gríðarleg áhrif m.a. á uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu, öryggistilfinningu íbúa sem og samkeppnishæfni byggðarlagsins í heild ásamt því að afstýra því hættuástandi sem verið hefur viðvarandi undanfarin ár með tilliti til jarðsigs og hættu af völdum aur- og snjóflóða.

Af öryggissjónarmiðum þarf að tryggja að ný jarðgöng milli Siglufjarðar og Fljóta sem og milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur verði að veruleika sem fyrst og því þarf að flyta undirbúningsvinnu við verkið sem mest s.s. að ljúka rannsóknum vegna gerðar þessara jarðganga, hanna mannvirkin og leggja mat á kostnað við gerð þeirra.

Siglufjarðarskarðsgöng eru númer tvö í forgangsröðun jarðganga og göng milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur eru númer fjögur. Þó Fjarðarheiðargöng séu númer eitt á forgangslistanum á það ekki að þýða að undirbúningsvinna við fleiri jarðgöng sé ekki í gangi.

Fjallabyggð er að klára vinnu við nýtt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið á Siglufirði. Þar er gert ráð fyrir lengingu á hafnarkanti við Óskarsbryggju, þar sem Freyja, varðskip Landhelgisgæslunnar er með viðlegu og heimahöfn ásamt því að þarna er ætlunin að taka á móti skemmtiferðaskipum. Hér með er óskað eftir því að þessi framkvæmd verði sett inn í samgönguáætlun. Erindi um lengingu viðlegukantsins hefur verið sent til Siglingasviðs Vegagerðarinnar.



Sigríður Ingvarsóttir bæjarstjóri Fjallabyggðar